



## Fréttabréf forseta

Mars 2017

### Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Í dag birtist á fréttamiðlum að lóan væri komin til landsins og er það alltaf jafnmikið gleðiefni þegar fréttist af þessum yndislega vorboða okkar. Þó veturinn hafi leikið við okkur, allavega hér á Norðurlandinu, þá boðar koma lóunnar alltaf betri tíð með blóm í haga. Vonandi er líka vorhugur í ykkur, ágætu formenn, og tilhlökkun til komandi sumars.

#### Landssambandsþing

Nú eru skráningar á landssambandsþingið í fullum gangi og bið ég ykkur endilega um að ýta við ykkar félagskonum að skrá sig tímanlega. Allt varðandi þingið og upplýsingar um skráningu eru á [heimasíðunni](#) okkar. Minnið líka ykkar konur á að láta vita ef einhver er með mataróþol svo allar geti nú örugglega fengið mat sem þær geta borðað.

Gestgjafar okkar eru boðnir og búnir að reyna að gera okkur dvölinna ánægjulega og m.a. að koma til mótis við slíkar séróskir. Gaman væri líka ef deildirnar kæmu með smá

„skemmtiatriði“ til að brjóta aðeins upp borðhaldið á laugardagskvöldinu. Það þarf ekki að vera stórkostlegt, upplestur á fallegu ljóði, vísnaeða myndagáta sem hægt er að dreifa á borðin eða eitthvað í þeim dúr. Ég bendi ykkur líka á að ef þið hafið óskir eða tillögur um einhverjar breytingar í tengslum við starfseminu okkar þá er ágætt að vera búnar að koma því á framfæri og ræða það á póstlista framkvæmdaráðsins í tíma fyrir landssambandsfundinn svo hægt sé að setja það á dagskrána fyrir fundinn.

#### Evrópuþingið

Nú eru upplýsingar varðandi Evrópuþingið sem haldið verður í Tallinn 26.–29. júlí byrjaðar að birtast á ráðstefnuvefnum á slóðinni: <http://erc2017.weebly.com/>. Dagskráin er komin á vefinn, skráningarformið og upplýsingar um gistingu. Einnig var síðasta News fréttablaðið helgað upplýsingum um Evrópuráðstefnuna. Á fimmtudeginum og föstudeginum (27. og 28. júlí) er boðið upp á fræðandi fyrirlestra og málstofur og er þemað

að þessu sinni: **Supportive Learning Environments. Estonian Night** og **Night on the town** (kvöldprógröm) eru á sínum stað á miðvikudags- og fimmtudagskvöldinu og svo hátíðarkvöldverðurinn á föstudagskvöldinu. Einnig er boðið upp á fjölbreyttar ferðir á áhugaverða staði í grennd við Tallinn í tengslum við ráðstefnuna. Gaman væri nú að fjölmenna héðan frá Íslandi á þingið og bið ég ykkur að hvetja ykkar félagskonur til þess. Mjög líklega verður Evrópuþingið 2019 haldið hér á Íslandi og er því gott fyrir flestar okkar, og þá sérstaklega þær sem ekki hafa sótt Evrópuþing áður, að kynnst því hvernig slíkt þing fer fram og punkta hjá sér að hverju þurfi helst að huga og safna í reynslubankann. Mér þætti gott ef þið mynduð gauka að mér nöfnum þeirra fálagskvenna sem þið vitið um að muni líklega fara á þingið.

#### Umsókn í Lucile Cornetet sjóðinn

1. maí er næsta „deadline“ á að sækja um í einstaklingshluta

Lucile Cornetet sjóðsins. Eins og kemur fram á [umsóknareyðublaðinu](#) og á [vefsíðunni](#) þeirra styrkir sjóðurinn konur í fræðslustörfum (ekki bara DKG konur) til að sækja :

„Conferences, Seminars, Lecture series, National certification, Online courses and Workshops and other non-degree programs“

Íslenskar konur hafa fengið styrk úr sjóðnum, og nú síðast fékk Aníta Jónsdóttir formaður í Betadeild styrk til að sækja ráðstefnu erlendis, svo „miði er vissulega möguleiki.“ Endilega bendið ykkar félagskonum, eða þeim konum í fræðslustörfum sem þið þekkið, á að notfæra sér þetta tækifæri.

Sennilega verð ég nú ekki búin að koma til ykkar aprílbréfinu fyrir páska, svo ég nota tækifærið hér með og óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegrar páskahátíðar.

**Bestu kveðjur!**

**Eygló Björnsdóttir, forseti DKG**

**Verum virkar –  
styrkjum starfið**